27. september 2023

# Fjárlagafrumvarp 2024

## Kynning fyrir fjárlaganefnd 27. september 2023

**Stjórnarráð Íslands**
Umhverfis-, orku- og loftslagsráðuneytið

# MEGIN ÁSKORUN

Kolefnishlutlaust Ísland 2040

# ÁHERSLUR

- Minnkum losun og aukum bindingu kolefnis
- Tryggjum orkuöryggi og jafnt aðgengi til stuðnings orkuskiptum
- Sjálfbær umgengni um íslenska náttúru og minjar fyrir komandi kynslóðir
- Eflum hringrásar-hagkerfið
- Aukum öryggi íbúa og verndum náttúru með mælingum, vöktun og vörnum

Forsenda:
Samstarf og samráð ráðuneyta, opinberra stofnana, sveitarfélaga, atvinnulífs, samtaka og almennings

Minnkum losun og aukum bindingu kolefnis

## Framtíðarsýn

Stefnan er sett á kolefnishlutleysi Íslands í síðasta lagi árið 2040.

Við höfum stóraukið mælingar, rannsóknir, fræðslu og miðlun um loftslagsmál sem hefur leitt af sér mikinn hvata fyrir einstaklinga, fyrirtæki og stofnanir til að taka þátt í markvissri minnkun á kolefnislosun og aukinni kolefnisbindingu.

## Helstu áskoranir, markmið og verkefni

- Uppfærsla aðgerðaráætlunar um samdrátt í losun gróðurhúsalofttegunda.
- Sérstök áskorun varðandi skilgreiningar á landnotkun (LULUCF) í losunarbókhaldi Íslands.
- Efling stofnana með sameiningu/samþættingu verkefna.

## Árangurslyklar

- Öflug stjórnsýsla
- Vísindalegur grundvöllur stefnu og ákvarðana
- Traustar rannsóknir

Tryggjum orku til orkuskipta, orkuöryggi og jafnt aðgengi að orku á landsvísu

## Framtíðarsýn til 2030

Framboð á grænni raforku helst í hendur við aukna eftirspurn vegna orkuskipta og sjálfbæra nýtingu auðlinda. Orkukostnaður og aðgangur að öruggri orku hefur verið jafnaður á landsvísu og tækifæri til bættrar orkunýtingar í allri virðiskeðju orkunnar hafa verið nýtt markvisst. Hlutföll endurnýjanlegra orkugjafa í samgöngum og sjávarútvegi hafa hækkað í takt við áætlanir stjórnvalda samhliða bættum orkuinnviðum. í samgönguneti og höfnum. Ísland er fremst meðal ferðaþjónustuþjóða í framboði losunarfría bílaleigubíla.

## Árangurslyklar

- Öflug stjórnsýsla
- Traustar rannsóknir að byggja á
- Skilvirkt hvatakerfi
- Aukin orkunýtni og aukið afl
- Traustir innviðir
- Aðkoma einingarinnar að rannsóknaráætlun, forgangsröðun o.fl..
- Tryggja fjármagn til kaupa á nauðsynlegum rannsóknum.

## Áskoranir, markmið og verkefni

- Samgöngur innanlands færist yfir í endurnýjanlega orkugjafa árið 2030.
- Fjölgun heimila á köldum svæðum sem nýta varmadælu til að bæta orkunýtni rafkynntrar húshitunar.
- Beinir styrkir í gegnum Orkusjóð taki við af ívilnunum í formi afsláttar af virðisaukaskatti (áhersla á fyrirsjáanleika, einfaldleika, gagnsæi og réttlát umskipti)
- Jöfnun orkukostnaðar á landsvísu

Eflum hringrásar-hagkerfið, tryggjum sjálfbæra nýtingu og heilnæmt umhverfi fyrir íbúa

## Framtíðarsýn til 2030

Við höfum myndað mikinn hvata fyrir bæði einstaklinga og fyrirtæki til endurvinnslu auk þess að hafa farið í stórátak hvað varðar frárennslismál. Þetta hefur skilað okkur því að hlutfall endurvinnanlegs heimilisúrgangs er komið í 60% og hlutfall á hreinsuðu/endurnýttu frárennsli er komið í 95%.

## Árangurslyklar

- Traustar rannsóknir
- Öflugt hvatakerfi
- Styðja við þekkingu, nýsköpun og þróun
- Öflug stjórnsýsla
- Tölfræðivinnsla
- Félagsfræði (mikilvægt að breyta hegðun fólks)
- Sveigjanleiki stofnana til að taka að sér ný verkefni

## Áskoranir, markmið og verkefni

- Draga úr urðun heimilisúrgangs.
- Hætta urðun lífræns úrgangs.
- Öll sveitarfélög hafi í gildi fullnægjandi svæðisáætlun um meðhöndlun úrgangs.
- Endurskoðun verkaskiptingar heilbrigðiseftirlits, sbr. starfshópur um fyrirkomulag eftirlits.

Verndum íslenska náttúru og menningaminjar með sjálfbærum hætti

## Framtíðarsýn til 2030

Stjórnunar- og verndaráætlanir hafa verið settar fyrir öll friðlýst náttúruverndarsvæði á Íslandi. Við höfum fullmótað stefnu okkar varðandi líffræðilega fjölbreytni ásamt því að endurskoða lög varðandi vernd, friðun og veiðar á villtum fuglum og spendýrum á Íslandi. Þessar aðgerðir, markviss stýring og uppbygging innviða hafa leitt til þess að ástand 95% metinna áfangastaða innan náttúruverndarsvæða eru nú innan þolmarka m.t.t. verndun náttúru og þolmarka m.t.t. Upplifunar gesta  og í styðja sjálfbæra nýtingu.

### Árangurslyklar

- Verndun og skráning
- Stýring á sjálfbærri umgengni og notkun
- Stuðningur, ráðgjöf, miðlun og fræðsla
- Staðbundnar rannsóknir í samstarfi við aðra
- Efla grunnrannsóknir og vöktun á náttúru Íslands
- Efla eftirlit með veiðum

### Áskoranir, markmið og verkefni

- Náttúruvernd stuðli að því að draga úr loftslagsbreytingum og auki seiglu náttúrunnar gagnvart þeim breytingum og tryggja þannig líffræðilega fjölbreytni
- Menningarminjar njóti sín í landslaginu og almenningur þekki menningararfinn og boðið sé upp á viðeigandi fræðslu og þjónustu á minjasvæðum, stjórnsýsla minja- og náttúruverndar verið samræmd.
- Efla rannsóknir á grunnvatni í tengslum við vatnaáætlun.

Aukum öryggi gagnvart náttúruvá með mælingum, vöktun og vörnum samhliða öflugu rannsóknarstarfi

## Framtíðarsýn til 2030

Vöktunarkerfi náttúruvár á Íslandi hafa aldrei verið víðtækara, veðursjárkerfi nær núna til alls landsins og þéttleiki mælakerfa nær til 95% virkra eldstöðva með öruggum og skilvirkum hætti. Sérstök áhersla er lögð á vöktun náttúruvár vegna loftlagsbreytinga. Við höfum komið upp mælaborði fyrir mikilvægustu mælikvarða í loftslagsmálum, endurvinnslu og stöðu lykilþátta íslenskrar náttúru.

## Árangurslyklar

- Vöktun og umsjón með náttúruvá
- Grunnrannsóknir
- Hagnýtar rannsóknir og þjónusta
- Rekstur innviða og upplýsingakerfa/grunna
- Miðlun þekkingar og upplýsingar
- Þróun á vörnum gegn náttúruvá
- Samtal við nærsamfélag í tengslum við viðbrögð við náttúruvá

## Áskoranir, markmið og verkefni

- Tryggja öryggi íbúa og atvinnusvæða fyrir ofanflóðum
- Efla rannsóknir á áhrifum loftslagsbreytinga og aðlögunar að þeim
- Efla vöktunarkerfi vegna náttúrvár og tryggja rekstur þess
- Efla upplýsingatækniinnviði til að tryggja öruggan rekstur mælikerfa og upplýsingamiðlunarkerfa
- Ásættanleg viðmið vegna náttúruvár liggi fyrir
- Aðgerðaráætlun um loftslagsþolið Ísland

27. september 2023

# Ítarefni

**Stjórnarráð Íslands**
Umhverfis- og auðlindaráðuneytið

# Málefnasvið og málaflokkar

## 6. Hagskýrslugerð og grunnskrár

06.10 Hagskýrslugerð, grunnskrár og upplýsingamál

- Landmælingar Íslands

## 15. Orkumál

15.10 Stjórnun og þróun orkumála

- Orkustofnun
  - Orkusjóður
  - Niðurgreiðslur á húshitun og dreifingu raforku
  - Ýmis orkumál

## 18. Menning, listir, íþrótta og æskumál

18.20 Menningarstofnanir

- Minjastofnun Íslands

18.30 Menningarsjóðir

- Fornminjasjóður
- Húsafriðunarsjóður

## 17. Umhverfismál

17.10 Náttúruvernd, skógrækt og landgræðsla

- Vatnajökulsþjóðgarður
- Þjóðgarðurinn á Þingvöllum

17.20 Rannsóknir og vöktun á náttúru Íslands

- Náttúrufræðistofnun Íslands
- Náttúrurannsóknamiðstöðin á Mývatni
- Veðurstofa Íslands

17.30 Meðhöndlun úrgangs

- Endurvinnslan
- Úrvinnslusjóður

17.40 Varnir gegn náttúruvá

- Ofanflóðasjóður

17.50 Stjórnsýsla umhverfismála

- Stofnun Vilhjálms Stefánssonar
- Umhverfisstofnun
- Úrskurðarnefnd umhverfis- og auðlindamála

# Helstu verkefni

Orkuskiptin – 7.500 m.kr. Hluti af stærra verkefni er nemur 30 ma. kr. á gildistíma fjármaláætlunar

- Landmælingar Íslands - Breyting fjárheimildar 23,2 m.kr.
  - Verðlagsbætur, aðhald, afkomubætandi ráðstafanir, breyting á sértekjuáætlun
- Helstu verkefni 2024
  - Framkvæmd laga um stafrænar landupplýsingar (INSPIRE) í samræmi við markmið málaflokksins um að bæta gæði, framboð og aðgengi að opinberum gögnum
  - Sameiginleg innkaup á loftmyndaþekju fyrir ríki og sveitarfélög

# Málefnasvið 18

## 18.20 Menningarstofnanir

- Minjastofnun Íslands
  - Breyting fjárheimildar 17,0 m.kr.
  - Verðlagsbætur, aðhald, afkomubætandi ráðstafanir

## 18.30 Menningarsjóðir

- Fornminjasjóður
  - Breyting fjárheimildar -60,8 m.kr.
  - Aðhald. Niður felldar tímabundnar fjárheimildir:
    - Fornleifauppgröfur að Auðkúlu -2,5 m.kr. Fornminjasjóður -55 m.kr.
- Húsafriðunarsjóður - breyting fjárheimildar -199,8 m.kr.
  - Aðhald, afkomubætandi ráðstafanir, breyting á sértekjuáætlun. Niður felldar tímabundnar fjárheimildir til flutnings húsa af hættusvæðum á Seyðisfirði.

# Málefnasvið 6

## 06.10 Hagskýrslugerð, grunnskrár og upplýsingamál

- Landmælingar Íslands – Breyting fjárheimildar 23,2 m.kr.
  - Verðlagsbætur, aðhald, afkomubætandi ráðstafanir, breyting á sértekjuáætlun
- Helstu verkefni 2024
  - Framkvæmd laga um stafrænar landupplýsingar (INSPIRE) í samræmi við markmið málaflokksins um að bæta gæði, framboð og aðgengi að opinberum gögnum
  - Sameiginleg innkaup á loftmyndaþekju fyrir ríki og sveitarfélög

# Málefnasvið 15 – Orkumál

útgjaldabrú skv. fjárlagafrumvarpi

**Breytingar á ramma milli áranna 2023–2024**



| Útgjaldabrú | | | |
|---|---|---|---|
| **Tegund** | **Lýsing** | | **m.kr.** |
| **Bundin útgjöld** | Niðurgreiðslur á húshitun og dreifingu raforku | | 7 |
| | **Samtals bundin útgjöld** | | **7** |
| **Niðurfellt** | Orkusjóður - tímabundnar fjárveitingar | - | 1.400 |
| **Niðurfellt** | Ýmis orkumál - Hitaveitustofnlögn í Skagafirði | - | 88 |
| | **Samtals niðurfellt** | **-** | **1.488** |
| **Aðhald** | Fært á Orkustofnun | - | 30 |
| **Aðhald** | Fært á Orkusjóð | - | 63 |
| **Aðhald** | Ýmis orkumál | - | 6 |
| | **Samtals aðhald** | **-** | **99** |
| **Ný og aukin verkefni** | Beinar styrkveitingar til kaupa á hreinorkuökutækjum | | 7.500 |
| **Ný og aukin verkefni** | Ýmis orkumál | | 13 |
| | **Samtals ný og aukin verkefni** | | **7.513** |
| **Launa-og verðlagsbætur** | Verðlag | | 257 |
| | **Samtals launa- og verðlagsbætur** | | **257** |
| | **BREYTING ALLS** | | **6.190** |

## Helstu breytingar:

- 7.500 m.kr. til Orkusjóðs til beinna styrkveitinga ökutækja er ganga fyrir hreinni orku.
- -1.400 m.kr. niðurfelldar tímabundnar fjárveitingar vegna styrkja á bílaleigubílum og þungaflutningatækjum er ganga fyrir hreinni orku.
- 63 m.kr. aðhald á Orkusjóð og 30 m.kr. aðhald á Orkustofnun

# 15.10 Stjórnun og þróun orkumála

## Helstu breytingar verkefna

Í málaflokknum er kerfisbundið unnið að níu verkefnum er miða að því að uppfylla markmið málaflokksins.

### Markmið 1. Að tryggja orkuöryggi fyrir alla landsmenn

- Óbreytt staða verkefna frá fyrra ári.

### Markmið 2. Aukið hlutfall endurnýjanlegra orkugjafa í orkubúskap landsins

- **Breytt:** Ívilnanir á tekjuhlið ríkissjóðs í formi afsláttar af virðisaukaskatti af ökutækjum er ganga fyrir hreinni orku var að hluta til flutt til Orkusjóðs sem mun veita beina styrki til kaupa á slíkum ökutækjum. Fjárheimild ársins nemur 7.500 m.kr. og er hluti af aðgerð í fjármálaáætlun 2024-2028 er nemur 30 ma.kr. á gildistíma áætlunarinnar.
- **Nýtt:** Verkefnið „Átaksverkefni um leit og nýtingu jarðhita.“ er nýtt verkefni undir markmiðinu. Alþingi samþykkti, að tillögu fjárlaganefndar, að veita 450 m.kr. til átaksverkefnis um leit og nýtingu jarðhita á árunum 2023–2025 í fjárlögum 2023. Áætluð heildarfjárþörf verkefnisins til lengri tíma er um 1,1 ma.kr.
- **Nýtt:** Verkefnið „Breyting á fyrirkomulagi með beinum styrkjum“ er nýtt verkefni. Leiðir af vinnu átakshóps stjórnvalda um uppbyggingu innviða. Heildarumfang verkefnisins er áætlað 600 m.kr. frá 2021 til 2025. Þar af er tillaga að fjármögnun 275 m.kr. af byggðaáætlun. Styður einnig við markmið 1.

# 15.10 Stjórnun og þróun orkumála

## Helstu breytingar verkefna

### Markmið 2. FRH

- **Nýtt:** Verkefnið „Fræðsla og hnippingar varðandi úthlutun beinna styrkja til almennings til kaupa á hreinorkubifreiðum“ er nýtt verkefni. Um er að ræða jafnréttisaðgerðir sem er ætlað að stuðla að jafnara kynjahlutfalli og aukinni fjölbreytni í hópi styrkþega. Markmið verður skilgreint í fjármálaáætlun 2025-2029.

### Markmið 3. Jöfnun orkukostnaðar á landsvísu

- Óbreytt staða verkefna frá fyrra ári.

# Málefnasvið 15 - Orkumál

## Útdeiling aðhaldskröfu

| Aðhaldskrafa málefnasviðs 15 Orkumál | |
|---|---|
| **Skýringar** | **2024** |
| Aðhaldskrafa | 76 |
| Sértæk aðhaldskrafa | 24 |
| **Aðhaldskrafa samtals** | **99** |
| 15.10 - Stjórnun og þróun orkumála | 99 |
| **Samtals útdeiling aðhaldskröfu** | **99** |

# Málefnasvið 17 - Umhverfismál

## Útgjaldabrú skv. fjárlagafrumvarpi

### Breytingar á ramma milli áranna 2023–2024



| Útgjaldabrú | | | |
|---|---|---|---|
| **Tegund** | **Lýsing** | | **m.kr.** |
| **Bundin útgjöld** | Breytingar á sértekjuáætlunum stofnana á málefnasviði | | 503 |
| **Bundin útgjöld** | Aukin innheimta Endurvinnslunnar og Úrvinnslusjóðs | | 95 |
| **Bundin útgjöld** | Aukin innheimta gjalda Umhverfisstofnunar | | 64 |
| **Bundin útgjöld** | MAR | | 30 |
| | **Samtals bundin útgjöld** | | **692** |
| **Niðurfellt** | Skil á skuldbindingum skv. Kyoto bókun | - | 800 |
| **Niðurfellt** | Styrkir til fráveitna sveitarfélaga | - | 200 |
| **Niðurfellt** | Hringrásarhagkerfi - innviðauppbygging, nýsköpun | - | 100 |
| **Niðurfellt** | Hagsmunagæsla vegna Hatton-Rockall | - | 50 |
| **Niðurfellt** | Samtök náttúrustofa | - | 48 |
| **Niðurfellt** | Hreinsun Heiðarfjalls | - | 28 |
| **Niðurfellt** | Annað niðurfellt | - | 13 |
| | **Samtals niðurfellt** | **-** | **1.239** |
| **Aðhald** | Ýmsir styrkir, framlög og verkefni | - | 199 |
| **Aðhald** | Veðurstofa Íslands | - | 90 |
| **Aðhald** | Umhverfisstofnun | - | 81 |
| **Aðhald** | Aðalskrifstofa | - | 53 |
| **Aðhald** | Vatnajökulsþjóðgarður | - | 46 |
| **Aðhald** | Náttúrufræðistofnun Íslands og náttúrustofur | - | 40 |
| **Aðhald** | Þjóðgarðurinn á Þingvöllum | - | 11 |
| **Aðhald** | Úrskurðarnefnd umhverfis- og auðlindamála | - | 8 |
| **Aðhald** | Stofnun Vilhjálms Stefánssonar | - | 5 |
| **Aðhald** | Náttúrurannsóknastöðin við Mývatn | - | 2 |
| **Aðhald** | MAR | - | 138 |
| | **Samtals aðhald** | **-** | **673** |
| **Ný og aukin verkefni** | Ofanflóðasjóður | | 700 |
| **Ný og aukin verkefni** | Veðurstofa Íslands - veðursjá | | 225 |
| **Ný og aukin verkefni** | Ýmsir styrkir, framlög og verkefni | | 105 |
| **Ný og aukin verkefni** | Aðalskrifstofa | | 38 |
| | **Samtals ný og aukin verkefni** | | **1.068** |
| **Launa-og verðlagsbætur** | Verðlag | | 878 |
| | **Samtals launa- og verðlagsbætur** | | **878** |
| | **BREYTING ALLS** | | **726** |

## Helstu breytingar:

- 700 m.kr til Ofanflóðasjóðs
- 503 m.kr. vegna breytinga á sértekjuáætlunum stofnana
- 95 m.kr. Endurvinnslan og Úrvinnslusjóður - skila og úrvinnslugjald
- 225 m.kr. vegna kaupa veðurstofunnar á veðurratsjá
- -800 m.kr. niðurfellt vegna kaupa á losunarheimildum
- -535 m.kr. +í aðhald og afkomubætandi aðgerðir
- -200 m.kr vegna lækkunar fjárveitinga til styrkja við fráveituframkvæmdir sveitarfélaga
- -100 m.kr. vegna lækkunar fjárheimilda til verkefna tengdum hringrásarhagkerfinu

# Málefnasvið 17 - Umhverfismál

## Útdeiling aðhaldskröfu

| Aðhaldskrafa málefnasviðs 17 Umhverfismál | |
|---|---|
| **Skýringar** | **2024** |
| Aðhaldskrafa | 251 |
| Sértæk aðhaldskrafa | 284 |
| **Aðhaldskrafa samtals** | **535** |
| 17.10 Náttúruvernd, skógrækt og landgræðsla | 57 |
| 17.20 Rannsóknir og vöktun á náttúru Íslands | 132 |
| 17.30 Meðhöndlun úrgangs | 0 |
| 17.40 Varnir gegn náttúruvá | 0 |
| 17.50 Stjórnsýsla umhverfismála | 346 |
| **Samtals útdeiling aðhaldskröfu** | **535** |

# 17.10 Náttúruvernd, skógrækt og landgræðsla

## Helstu breytingar verkefna

Í málaflokknum er kerfisbundið unnið að sex verkefnum er miða að því að uppfylla markmið málaflokksins.

Markmið 1. Að bæta ástand áfangastaða innan náttúruverndarsvæða

- Óbreytt staða verkefna frá fyrra ári

Markmið 2. Að auka árlegt umfang uppgræðslu og endurheimtar vistkerfa og nýskógræktar

- Óbreytt staða verkefna frá fyrra ári

# 17.20 Rannsóknir og vöktun á náttúru Íslands

## Helstu breytingar verkefna

Í málaflokknum er kerfisbundið unnið að sjö verkefnum er miða að því að uppfylla markmið málaflokksins.

Markmið 1. Að efla vöktunarkerfi vegna náttúruvár

- Óbreytt staða verkefna frá fyrra ári

Markmið 2. Að efla rannsóknir á áhrifum loftlagsbreytinga

- Óbreytt staða verkefna frá fyrra ári

# 17.30 Meðhöndlun úrgangs

## Helstu breytingar verkefna

Í málaflokknum er kerfisbundið unnið að sjö verkefnum er miða að því að uppfylla markmið málaflokksins.

### Markmið 1. Að auka endurvinnslu heimilisúrgangs

- **Nýtt:** Verkefnið „Innleiðing sérstakrar söfnunar á heimilisúrgangi" kom nýtt inn
- **Nýtt:** Verkefnið „Að stuðla að þekkingu og jákvæðu viðhorfi til endurvinnslu óháð kyni á grunni endurtekinna kannana um áhrif innleiðingu nýs endurvinnslukerfis þar sem lífrænum úrgangi er safnað" kom nýtt inn sem sértakt verkefni á sviði jafnréttis- og kynjamála.

# 17.40 Varnir gegn náttúruvá

## Helstu breytingar verkefna

Í málaflokknum er kerfisbundið unnið að ýmsum framkvæmdaverkefnum er miða að því að uppfylla markmið málaflokksins.

Markmið 1. Að tryggja fullnægjandi öryggi fyrir íbúa landsins gegn ofanflóðum

- Nýtt: Verkefnið „Neskaupsstaður. Flýting framkvæmda í kjölfar snjóflóða er féllu í mars 2023.“ kom nýtt inn.

# 17.50 Stjórnsýsla umhverfismála

## Helstu breytingar verkefna

Í málaflokknum er kerfisbundið unnið að sautján verkefnum er miða að því að uppfylla markmið málaflokksins.

Markmið 1. Að draga úr nettólosun gróðurhúsalofttegunda í samræmi við skuldbindingar Íslands í loftlagsmálum og markmið um kolefnishlutleysi Íslands

- **Niðurfellt:** Uppgjör skuldbindinga skv. Kýótó-bókun.

Markmið 2. Að efla viðnámsþrótt íslensks samfélags og lífríkis gagnvart loftslagsvá -

- Óbreytt staða verkefna frá fyrra ári

Markmið 3. Að efla náttúruvernd m.a. með friðlýsingu náttúruverndarsvæða

- **Nýtt:** Verkefnið „Stefnumótun um innviðauppbyggingu á friðlýstum svæðum“

Markmið 4. Að bæta viðmót, gagnsæi og skilvirkni stjórnsýslu, m.a. með aukinni stafrænni stjórnsýslu

- Óbreytt staða verkefna frá fyrra ári

Markmið 5. Að efla hreinsun fráveitu

- Óbreytt staða verkefna frá fyrra ári

# Styrkveitingar

| Styrkveitingar URN | | Ár/ m.kr. | | |
|---|---|---|---|---|
| **Málefnasvið 15 -Orkumál** | **Gjaldfærsla** | **2022** | **2023** | **2024** |
| Orkusjóður | Orkusjóður | 872 | 1.903 | 8.590 |
| Orkubú Vestfjarða, framl.kostn.raforku, Flatey | Ýmis orkumál | 17 | 17 | 17 |
| RARIK, framl.kostn. Raforku, Grímsey | Ýmis orkumál | 60 | 60 | 60 |
| RARIK, framl.kostn. Raforku, Grímsstaðir | Ýmis orkumál | 8 | 8 | 8 |
| **Málefnasvið 17 -Umhverfismál** | | **2022** | **2023** | **2024** |
| Verkfnastyrkir | Ýmis verkefni | 63 | 0 | 0 |
| Rekstrarstyrkir | Ýmis verkefni | 48 | 48 | 48 |
| Hringrásarsjóður | Ýmis verkefni | 230 | 230 | NA |
| Landsáætlun um uppbyggingu innviða | Ýmis verkefni | 914 | 899 | 899 |
| Loftlagssjóður | Ýmis verkefni | 88 | 100 | 230 |
| Styrkir til doktorsnema | Ýmis verkefni | 16,1 | 8 | 0 |
| Skógræktarfélag Íslands | Ýmis verkefni | 55 | 54 | 53 |
| Grænfánasamningar | Ýmis verkefni | 26 | 26 | 26 |
| | **Samtals** | **2.381** | **3.353** | **9.931** |

Grænfánasamningur er samstarfsverkefni með Barna- og menntamálaráðuneyti og nemur þeirra hlutur 18 m.kr.

# Takk fyrir

**Stjórnarráð Íslands**
Umhverfis- og auðlindaráðuneytið